

Miðvikudaginn 28. september 1983.

Nr. 171/1983. **Haukur Leósson**

gegn

Tómasi Zoëga.

Kærumál. Útgáfa uppboðsafsals. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 29. ágúst 1983, sem barst Hæstarétti 2. september 1983. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að synjað verði kröfu varnaraðilja um útgáfu uppboðsafsals fyrir fasteigninni Viðjugerði 8 í Reykjavík að svo stöddu. Til vara krefst hann, að afsal verði gefið út til varnaraðilja „gegn greiðslu á vöxtum af uppboðskaupverði þannig: 34% af kr. 185.257 frá 5/4 1982 til 5/6 1982, en af kr. 1.983.257 frá þ. d. til 1/11 1982, en 42% ársvöxtum af kr. 1. 983.25 frá þ. d. til greiðsludags hinn 7/7 1983.“ Sóknaraðili krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Lagaheimild brestur til, að sóknaraðili beri mál þetta undir Hæstarétt með kæru, sbr. e lið 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 3.000.00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Haukur Leósson, greiði varnaraðilja, Tómasi Zoëga, 3.000.00 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 18. ágúst 1983.

Sóknaraðili, Tómas Zoëga læknir, hefur gert þær réttarkröfur, að uppboðsrétturinn gefi þegar í stað út afsal til hans fyrir fasteigninni nr. 8 við

Viðjugerði hér í borg og að honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðilja, Hauks Leóssonar, Viðjugerði 8.

Varnaraðili, Haukur Leósson, hefur krafist þess aðallega, að synjað verði að svo stöddu um útgáfu afsals, en *til vara*, að afsal verði gefið út til sóknaraðilja gegn greiðslu vaxta af uppboðsverðinu þannig: 34% ársvaxta af kr. 183.257.00 frá 5. apríl 1982 til 5. júní s. á., en af kr. 1.983.257.00 frá þeim degi til 1. nóvember 1982, og 42% ársvaxta af kr. 1.983.257.00 frá þeim degi til greiðsludags, 7. júlí 1983. Þess er krafist, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fór fram þann 16. þ. mán.

Fasteignin nr. 8 við Viðjugerði hér í borg var boðin upp á nauðungaruppboði þann 23. mars 1982. Hæstbjóðandi varð Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, og nam boð hans kr. 2.400.000.00.

Uppboðsskilmálar voru hinir tíðkanlegu hér í borg. Skyldi kaupandi greiða $\frac{1}{4}$ hluta boðsins, um leið og það yrði samþykkt, en eftirstöðvar skyldu greiðast innan tveggja mánaða frá samþykki að svo miklu leyti sem þær fengju ekki að hvíla áfram á eigninni. Er kaupandi hefði þannig efnt uppboðsskilmála, skyldi hann fá afsal gefið út fyrir eigninni.

Við réttarhald í uppboðsrétti þann 5. apríl 1982 framseldi hæstbjóðandi Tómasi Zoëga boð sitt, og stóð Tómas um leið skil á $\frac{1}{4}$ hluta boðsins. Jafnframt greiddi hann allan kostnað uppboðsins. Var boðið um leið samþykkt.

Er Tómas bauð fram eftirstöðvar uppboðsverðsins þann 7. júní 1982 og krafðist jafnframt útgáfu uppboðsafsals, hafði uppboðspólinn, Haukur Leósson, áfrýjað uppboðinu til Hæstaréttar. Mátti því ekki að svo búnu gefa afsal, sbr. ákvæði 33. gr., 2. mgr., laga nr. 57/1949. Fór engin greiðsla þá fram af hálfu Tómasar.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 29. júní 1983, var uppboðið staðfest.

Tómas Zoëga greiddi eftirstöðvar boðs síns þann 7. júlí 1983 og krafðist jafnframt útgáfu uppboðsafsals sér til handa. Höfðu þá borist mótmæli Hauks Leóssonar gegn útgáfu afsals. Í réttarhaldi í uppboðsréttinum þann 26. júlí sl. var ákveðið, að um ágreining þennan yrði rekið sérstakt uppboðsréttarmál. Það mál er hér til úrskurðar.

Af hálfu sóknaraðilja, Tómasar Zoëga, er það staðhæft, að hann hafi efnt uppboðsskilmála að öllu leyti og eigi því kröfu til þess að fá uppboðsafsál útgefið. Dráttur sá, er orðið hafi á efndum uppboðskaupanna, sé aðeins varnaraðilja, Hauki Leóssyni, að kenna, einkum áfrýjun þeirri, er hann hafi ráðist í. Sóknaraðili bendir á það, að stofnast hafi gagnkvæmur

samningur við samþykki boðs, annars vegar hafi átt að greiða uppboðs-verðið, hins vegar að gefa afsal fyrir eigninni. Nú hafi uppboðsrétturinn ekki mátt inna af hendi þá samningsskyldu að gefa út afsal, enda þótt skil uppboðsverðs væru boðin fram, og að sama skapi hafi þá frestast sín skylda til að greiða uppboðsverðið, uns þeirri efndahindrun, er áfrýjun varnaraðilja hafði komið til vegar, yrði rutt úr vegi með staðfestingu uppboðsins í Hæstarétti. Þetta leiði af almennum reglum, sbr. t. d. 14. gr. laga nr. 30/1922, sbr. jafnframt 7. gr. uppboðsskilmálanna. Sé því ekki um það að ræða, að stofnast hafi nokkur skylda sóknaraðilja til að svara vöxtum af boðinu, og slík skylda verði ekki leidd af öðrum atvikum, svo sem verðhækkun hér umræddrar fasteignar frá uppboðsdegi, eða af ákvæðum uppboðsskilmála.

Því er haldið fram af varnaraðilja hálfu, að hann hafi haft alla ástæðu til þess að láta reyna á lögmæti uppboðsins fyrir Hæstarétti. Áfrýjun hafi staðið því í vegi, að uppboðskaupum mætti ljúka. Engu að síður hafi sóknaraðili átt að greiða uppboðsverðið á þeim gjalddögum, sem ljóslega voru tilteknir í skilmálum þeim, sem hann hafði skilyrðislaust undirgengist, ef hann vildi fá uppboðsafsal. Skilmálar geymi engin ákvæði um frávik frá gjalddögum og gagnkvæmni sú, sem sóknaraðili hafi haldið fram og byggt á, eigi ekki við í kaupum sem þessum, hvorki samkvæmt almennum reglum né samkvæmt skilmálum. Enda þótt tíðkað sé að beita ákvæðum lausafjárkauplaga nr. 39/1922 um fasteignakaup að vissu leyti, þá séu kaup við nauðungaruppboð frábrugðin almennum fasteignakaupum að því leyti t. d., að uppboðspoli sé ekki seljandi og ráði engu um söluskilmála.

Það sé þannig ljóst, að sóknaraðili hafi átt að efna skilmála að sínu leyti. Hann hafi kosið að láta það undan fallast og verði því að greiða vexti af uppboðsfénu allt til þess, er hann greiddi loks þann 7. júlí 1983. Þess sé jafnframt að gæta, að nú orðið séu vextir ekki aðeins leiga af peningum og bætur fyrir greiðsludrátt, heldur og bætur fyrir verðyrnun peninga, og er á það sé jafnframt litið, hve fasteignaverð hafi hækkað hér í borg, frá því uppboð fór fram, væri sú niðurstaða ósanngjörn, ef sóknaraðili skyldi ekki greiða vexti, er varnaraðili mundi þá verða krafinn um. Vera meg, að veðhafar í eigninni hafi rétt til þess að reikna upp kröfur sínar miðað við greiðslu 1983 frá því 1982, er frumvarp til úthlutunargerðar var gert.

Eins og mál þetta er vaxið, verður að líta svo á, að með greiðslu sinni á uppboðsverðinu, kr. 2.400.000.00, hafi sóknaraðili, Tómas Zoëga, efnt uppboðsskilmála og beri því að taka til greina kröfu hans um útgáfu uppboðsafsals honum til handa.

Málskostnaður á að falla niður í uppboðsréttarmáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboðsafsal skal gefið út fyrir fasteigninni Viðjugerði 8 til sóknar-
aðilja, Tómasar Zoëga.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. september 1983.

Nr. 53/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Hallgrími Inga Hallgrímssyni

(Örn Clausen hrl.).

Sýknað af ákæru um tilraun til manndráps. Líkamsárás samkv. 2.
mgr. 218. gr. alm. hegningarlaga. Tilraun til nauðgunar. Brot gegn
1. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga. Þjófnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason,
Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og
Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 15. febrúar 1983 áfrýjað máli
þessu til Hæstaréttar samkvæmt 175. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr.
74/1974 refsingu til þyngingar. Krefst hann þess, „að ákærði verði
sakfelldur samkvæmt ákæru og að refsing hans verði ákveðin eigi
undir 12 ára fangels.“

Ágrip barst Hæstarétti 28. júní 1983.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði aðeins refsað samkvæmt
218. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sýknað-
ur af ákæru fyrir brot á 194. gr., sbr. 20. gr., og 211. gr., sbr.
20. gr., og 202. og 220. gr. almennra hegningarlaga. Þá krefst hann
þess, að sér verði dæmd málsvarnar- og réttargæslulaun.